

Mættir: Björn Ólafsson, Friðrik Lunddal, Guðríður Valgeirsdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir, Margrét Kjartansdóttir, Valgerður Júlíusdóttir.

**1. Fundur DÍF/HRFÍ/Guðrún R. Guðjohnsen, Kenneth Edh og Hans-Åke Sperne**

Fundur á skrifstofu HRFÍ 23. og 24. febrúar kl.13:30 -17:00 vegna vinnu við skýringar með ræktunarmarkmiði íslenska fjárhundsins. Farið var yfir ræktunarmarkmiðið og gerðar tillögur að breytingum á ræktunarmarkmiðinu, sem samþykktar voru af fundarmönnum. Fundargerð frá fundinum kom frá Þorsteini Thorsteinsson 22. mars sl.

Stjórnarmenn í DÍF hafa yfirfarið breytingar frá fundinum 23.-24. febrúar og sent niðurstöður. Formaður HRFÍ fundaði 1. apríl með stjórn DÍF um athugasemdir DÍF.

Jóna Th. Viðarsdóttir formaður ræddi við Hans-Åke Sperne 6. apríl og sagði honum frá fundinum þann 1. apríl og að niðurstaða DÍF ásamt rökum yrði send honum, Kenneth Edh og Guðrúnu Guðjohnsen. Bæði stjórn DÍF og Hans-Åke gera sér grein fyrir því að þessi vinna þarf að ganga hratt fyrir sig þannig að hægt verði að ganga endanlega frá tillögu að breytingu á ræktunarmarkmiðinu og skýringum með því þegar Hans-Åke og Kenneth koma til landsins síðustu vikuna í júní n.k.

**2. Fulltrúar frá íþróttadeild –mættu kl.17:00**

- Kostnaðaráætlun á hundafimitækjum. Formaður ræddi við Gunnar Grétar Gunnarsson hjá SS. Hann fer til fundar við umboðsaðila í lok apríl og mun gefa okkur svar eftir það hvort SS kemur að því að kosta viðgerðir á hundafimitækjunum.
- Námskeið í ágúst, erlendur leiðbeinandi– rætt um námskeið. Fulltrúar íþróttadeildar vilja bjóða upp á námskeið í hundafimi en ekki endilega fyrir leiðbeinendur í hundafimi. Stjórn sammála um að nýta betur leiðbeinendann/kennararann sem verður fenginn til að halda námskeið þar sem lögð verður áhersla á að kenna þeim að kenna hundafimi einnig er hægt að bjóða upp á námskeið. Fulltrúar íþróttadeildar ætla að ræða við Lars og láta hann vita um hugmyndirnar sem ræddar voru á fundinum og kanna hvað hann getur boðið upp á. Jóna og Valgerður ætla að ræða við Ívar Bergsteinsson sem kemur til landsins um páskana.

**3. Stýrihópur skapgerðarmats mættir á fundinn kl.17.45.**

**4. Fundargerð frá NKU/VD fundi 7. janúar sl. – Guðríður þýðir lauslega – Ekki lokið og því frestað.**

**5. Fundargerð frá NKU/AU 7. janúar 2009 – Guðríður þýðir lauslega – Ekki lokið og því frestað.**

Guðríður Valgeirsdóttir ætlar að lesa fundargerðina yfir og upplýsa stjórnarmenn um innihaldið á næsta fundi.

**6. Skrifað undir leigusamning um reiðhöllina í Víðidal fyrir árin 2009, 2010 og 2011.**

**A-2252**

**7. Fundur 2. apríl með Stefáni Eiríkssyni lögreglustjóra höfðuborgarsvæðisins.**

Valgerður, Björn og Jóna fóru á fundinn.

**8. Aðalfundur HRFÍ 13. maí n.k. í félagsheimili Fáks Víðidal**

*Dagskrá:*

1. *Skipan fundarstjóra, fundarritara og lögmæti fundarins kannað þarf að finna fundarstjóra og ritara*
2. *Skýrsla stjórnar HRFÍ – hver tekur að sér vinnu við ársskýrslu? – Valgerður undirbýr*
3. *Ársreikningar félagsins ásamt skýrslum löggilts endurskoðanda og félagskjörinna skoðunarmanna fyrir síðastliðið ár, lagðir fram til staðfestingar – Jóna klárar*
4. *Skýrsla um starfsemi síðanefndar*

## 5. Starfs- og fjárhagsáætlun stjórnar samþykkt fyrir næsta starfstímabil

### 6. Lagabreytingar

Engar tillögur að lagabreytingum liggja fyrir

### 7. Kosning formanns HRFÍ og annarra stjórnarmanna skv. 10.gr.

Úr stjórn ganga:

Jóna Th. Viðarsdóttir	formaður
Gunnlaugur Valtýsson	meðstjórmandi og gjaldkeri
Margrét Kjartansdóttir	meðstjórmandi
Björn Ólafsson	varamaður

Í framboði í formannskjöri:

Jóna Th. Viðarsdóttir

Í framboði í stjórnarkjöri:

Auður Sif Sigurgeirsdóttir	meðstjórmandi/varamaður
Björn Ólafsson	meðstjórmandi
Guðbjörg Guðmundsdóttir	meðstjórmandi
Karen Gísladóttir	meðstjórmandi
Margrét Kjartansdóttir	meðstjórmandi
Valgerður Stefánsdóttir	varamaður

### 8. Kosning tveggja félagskjörinna skoðunarmanna og tveggja til vara

### 9. Kosning síðanefndar

### 10. Önnur mál

Það skal áréttað, samkvæmt lögum HRFÍ, að kosningarétt og kjörgengi hafa þeir sem greitt hafa félagsgjald sitt fyrir það ár sem aðalfundur er haldinn á, fimm virkum dögum fyrir aðalfund. Greiðsluseðlar vegna félagsgjalds 2009 voru sendir til félagsmanna í janúar.

### 9. Fundur hjá MAST 31. mars sl.

Valgerður og Jóna mættu á fundinn. Á fundinum var kynnt að MAST héldi áfram að takmarka innflutning á mastiff hundum, rottweiler og dobermann. Þessir hundar þurfa að fara í gegnum skapgerðamat 15 mánaða gamlir áður en gefið verður leyfi til innflutnings á þeim. Skapgerðarmatið heitir Character og kemur frá Þýskalandi. Þýðingin átti að birtast á vefsíðu MAST en var ekki enn komið í dag.

### 10. Skýrsla frá stjórn Shih Tzudeilda

### 11. Skýrsla frá stjórn Schäferdeilda

### 12. Umsókn frá FHD um aukaveiðipróf á Akureyri

**Samþykkt**

### 13. FCI Europe Section – quarterly update

### 14. FCI – framvegis verða allar tilkynningar sendar á tölvutæku formi

### 15. Starfsreglur ræktunardeilda HRFÍ – tillaga að breytingu

#### III. Stjórn ræktunardeilda

Var:

6. Ársfundur ræktunardeilda skal halda í mars ár hvert. Til hans skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara í dagblaði, á heimasíðu félagsins eða í Sámi. Hlutverk ársfundar er að velja ræktunarstjórn og taka ákvarðanir í málum, sem stjórn deildarinnar eða stjórn HRFÍ kys að bera undir fundinn. Stjórn ræktunardeilda skal skrifa skýrslu um starfsemi deildarinnar ár hvert. Skýrslan skal gefa skýra mynd af ræktunarstarfi og öðrum störfum innan deildarinnar. Þar skal einnig koma fram áætluð starfsemi á nýju starfsári. Eftir ársfund deildarinnar skal samhljóða skýrslu skilað til stjórnar HRFÍ.

Verður:

6. Ársfundur ræktunardeilda skal halda í mars ár hvert. Til hans skal boðað með a.m.k. 7 daga fyrirvara í dagblaði, á heimasíðu félagsins eða í Sámi. Hlutverk ársfundar er að velja ræktunarstjórn og taka ákvarðanir í málum, sem stjórn deildarinnar eða stjórn HRFÍ kys að bera undir fundinn. Stjórn ræktunardeilda skal skrifa skýrslu um starfsemi deildarinnar ár hvert. Skýrslan skal gefa skýra mynd af ræktunarstarfi og öðrum störfum innan deildarinnar. Þar skal einnig koma fram áætluð starfsemi á

nýju starfsári. Ræktunardeildir með eigin fjárhag s.s. vegna sýningabjálfunar, reksturs vefsíðu, kaffisjóðs o.þ.h. skulu sækja um kennitölu fyrir viðkomandi ræktunardeild til Fyrirtækjaskrár og leggja fram rekstar- og efnahagsvirlit á ársfundi deildarinnar. Eftir ársfund deildarinnar skal samhljóða skýrslum skilað til stjórnar HRFÍ.

**Samþykkt samhljóða. Tekur í gildi 7. apríl 2009 og verður kynnt á næsta fulltrúaráðsfundi.**

#### **16. Bréf frá DÍF – óskaniðurstaða á skapgerðarmati fyrir íslenskan fjárhund**

Stjórn HRFÍ óskar eftir nánari útskýringum á vinnu við skapgerðamat fyrir íslenskan fjárhund. Ekki hefur borist svar frá DÍF

#### **17. Aðalfundir ræktunardeilda**

- Aðalfundur schäferdeildar 31. mars kl.20 á skrifstofu HRFÍ- Friðrik fer f.h. stjórnar
- Aðalfundur Svæðafélags HRFÍ 24. mars kl.20 í Verkmenntask.Akureyrar
- Aðalfundur spitzhundadeildar 28. mars kl.18 á skrifstofu HRFÍ
- Aðalfundur smáhundadeildar 30. mars kl.20 á skrifstofu HRFÍ- Björn Ólafsson
- Aðalfundur írsk setterdeildar 31. mars kl.20 á skrifstofu HRFÍ- Jóna, Valgerður og Margrét
- Aðalfundur Unglingadeildar 6. apríl 18:30 á skrifstofu HRFÍ
- Aðalfundur DÍF 6. apríl kl.20 í húsi Sjálfstæðisflokksins í Grafarvogi – Jóna og Guðríður
- Aðalfundur FHD 6. apríl kl.20 í Sólheimakoti – Björn Ólafsson
- Aðalfundur spanieldeildar 7. apríl kl. – Valgerður, Jóna og Friðrik
- Aðalfundur Íþróttadeildar 14. apríl kl.20 á skrifstofu félagsins

#### **18. Önnur mál**

- **Hlýðniprof 1 sem átti að vera 4. apríl n.k. fellt niður vegna ónægðrar þátttöku.**

- **Af vefsíðu retrieverdeildar:**

Veiðiprófi í Hvammsvík 4. apríl 2009 aflýst.

Vegna ónægðrar þátttöku (aðeins 2 skráningar) er veiðiprófi sem halda átti í Hvammsvík laugardaginn 4. apríl n.k. aflýst. Næsta veiðipróf, skv. dagskrá, verður haldið á Akranesi laugardaginn 25. apríl. Nú er bara að koma hundunum í form og skrá þátttöku.

Veiðinefnd

- **Tekið af vefsíðu PMF**

Opnar æfingar - Næstu sunnudaga stendur deildin fyrir æfingum í reiðhöll Andvara í Garðabæ kl 17:00 til 18:00

Skriptið kostar 500 kr. á hund.

Munið eftir nammi og/eða dótí og góða skapinu.

Kv. Stjórnin (Skrifað 25.3.2009 kl. 9:53 af Ragnhildi)

- Hugmynd að vera með einhvern wintertitíl á afmælissýningunni og hugsanlega afmælissróttur.
- **Fulltrúaráðsfundur verður 29. apríl, auglýst nánar eftir páska**

#### **19. Næsti stjórnarfundur verður miðvikudaginn 15. apríl kl.16:00**